

297

Tunga mín af hjarta hljóði



C G C C/E G/F C[♯]/E Dm Am F C/E G/D C F⁶ G C

1. Tung - a mín af hjart - a hljóð - i helg - an leynd - ar - dóm um þann,
 2. Oss var gef - inn, oss var fædd - ur öll - um helgr - i meyj - u af,
 3. Síðst - u nótt, þá sat að borð - i sjálf - ur Krist - ur bræðr - um með
 4. Hold í brauð - i, blóð í vín - i bauð sitt vær - i Drott - inn kær.

C B[♭]/D C/E C F G G[♯] Am D/F[♯] G D/A G/B C⁶ D G

lík - am Krists og bless - að blóð - ið bót sem öll - um heim - i vann,
 með - an hér var hold - i klædd - ur heim - i náð - ar - orð - ið gaf,
 lög - máls gjörl - a eft - ir orð - i, eng - in mál - tíð dýrri' er séð,
 Mís - kunn slík þótt manna' ei skín - i myrk - um skiln - ing, trú - um vær.

G/B C C/E G/F C[♯]/E Dm Am C/E C⁷ F Dm C/G G⁷ C

kon - ungs þjóð - a þá hins góð - a það á krossi' úr — æð - um rann.
 æv - i sín - a svo lét dvín - a. Sjá hér Drott - ins — kær - leiks haf.
 hönd - um hrein - um sín - um svein - um sig til fæð - u — gef - a réð.
 Trú - in ein - a hjart - a hrein - u hugg - un, gleði' og — styrk - leik fær.

5. Helgidóm svo háan allir
 heiðra skulum alla tíð.
 Gamlar lögmálsfórnir falli
 fyrir Drottins nýjum sið.
 Trúin mæta best má bæta
 brestinn skilnings kristnum lýð.

6. Sönnum Guði, son getanda,
 syni getnum fyrir' upphaf,
 huggaranum, helgum anda,
 hinum tveim sem kemur af,
 æ skal syngja sérhver tunga
 sanna vegsemd, dýrð og lof.